

## 15. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

13. nóvember 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

**Mætt eru:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

**Forföll boðuðu:** Sara Sigurðardóttir (SS), Una Hildardóttir (UH) og Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM).

*Fundur settur 18:24*

### Dagskrá:

- Fundargerð 13. Stjórnarfundar** var samþykkt.
- Fundargerð 14. Stjórnarfundar** var samþykkt.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
  - TI hefur verið skipuð í Æskulýðsráð ríkisins.
  - Umsókn LUF og Allianssi um fjárstyrk frá NORDBUK til að halda fund um þróunarmarkmiðin á Íslandi hefur verið samþykkt.
- Fundur með mennta- og menningarmálaráðuneytinu:** Samkvæmt samningi skulu fulltrúar LUF og ráðuneytisins funda að lágmarki árlega um samninginn. Ráðuneytið hefur boðað fulltrúa LUF á fund, þriðjudaginn 21. nóvember. Óskar ráðuneytið eftir að LUF leggi fram stutta greinargerð um framkvæmd og stöðu helstu verkefna sem tilgreind eru í samningnum og yfirlit yfir fjárhagsstöðu. Ákveðið var að SHB, SS og TI sitji fundinn.
- #ÉgKýs:**
  - TI kynnti greinargerð um ráðstöfun styrkfjár til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
  - Eftirfylgnirannsókn er í vinnslu og hafa nú 2.079 nemendur svarað könnuninni.
  - 200.000 kr. styrkur bættist við frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.
- Leiðtogaskólinn:** Eftir stendur loka- og fjárhagsskýrsla verkefnisins til Evrópuráðsins. Lagt var til að TI skrifi drög að styrkumsókn til Velferðaráðuneytisins gefist tími til.
- Þjóðarspegillinn:** TI og ÓHH lögðu fram skýrslu um þátttöku þeirra á ráðstefnunni.
- Samráðsfundur um lækkun kosningaaldurs:** TI sótti fund um lækkun kosningaaldurs með SÍF, Samfés og Reykjavíkurráði ungmenna þar sem tekin var ákvörðun um næstu skref til að ýta á eftir frumvarpinu.
- Lokaskýrsla um málefni innflytjenda:** TI kynnti það sem komið er að svo stöddu, vinnan gengur vel og verða loka drög lögð til samþykktar á næsta fundi.
- Alþjóðamál:**
  - Fundarboð frá Álandseyjum barst LUF til að taka þátt í **Future Meeting on UN Agenda 2030 í Svíþjóð**. TI var falið að senda fyrirspurn og fá frekari upplýsingar áður en ákveðið verður hver fer.
  - LUF var boðið að senda 1-2 fulltrúa á **The Future of Europe - Youth Convention** sem haldið verður í Finnlandi í desember. Ákveðið var að óska eftir fulltrúum út fulltrúaráði til að sækja fundinn fyrir hönd LUF.

- c. Stjórn barst skýrsla frá Ragnheiði Kristínu um þátttöku hennar á **fundi sérfræðihóps Norrænu ráðherranefndarinnar um Agenda 2013.**
  - d. Stjórn barst skýrsla frá Ragnheiði Kristínu um þátttöku hennar á **ráðstefnunni Dealing with Refugees - From Challenges to Opportunities í Jórdaníu** sem hún sótti sem hluta af starfi sínu í YFJ Human Rights and Migration Network.
- 11. 3. Fulltrúaráðsfundur verður 20. nóvember:**
- a. Drög að dagskrá og fundarboði var samþykkt.
  - b. Beinagrind að áfangaskýrslu var samþykkt.
  - c. Drög að þarfagreiningu var samþykkt.
- 12. Næsti stjórnarfundur:** Ákvörðun verður tekin síðar.
- 13. Drög að starfssamningi** var tekin til umfjöllunar.
- 14. Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:25.*

*TI ritaði fundargerð.*